



## Fundargerð

### Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 3/2024 (nr. 104)

Dagsetning: 18. apríl 2024, Kl. 15:00 – 16:30

Staðsetning: TEAMS.

**Fundinn sátu eftirtalið háskólaráðsfolk:** Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS), Laufey Haraldsdóttir (LH) og Sveinn Margeirsson (SM). Lilja Sigurlína Pálmadóttir (LSP), Einar Kr. Guðfinnsson (EKG) og Róbert Smári Gunnarsson (RSG) boðuðu forföll. LH ritar fundargerð.

Dagskrá 3/2024 (104):

1. Drög að dagskrá fundar 3/2024 (104) - *Til samþykktar*
2. Drög að fundargerð fundar 2/2024 (103) - *Til samþykktar*
3. Jafnréttisáætlun HH 2024-2026 - *Til samþykktar*
4. Húsnæðismál Háskólans á Hólum - *Til upplýsinga*
5. Bréf til háskólaráðs varðandi Hjaltadal ferðaþjónustu - *Til upplýsinga*
6. Húsnæðismál Háskólans á Hólum - *Til upplýsinga*
7. Samtal um aukið samstarf við Háskóla Íslands - *Til upplýsinga*
8. Framtíðarskipulag Hóla í Hjaltadal í tengslum við aðskilnað skólafarfermi og staðarhalds - *Til upplýsinga*
9. Önnur mál

### Afgreiðslur:

1. Dagskrá fundar 3/2024 (104)
2. Fundargerð fundar nr. 2/2024 (103)  
Liðir 1 og 2 voru samþykktir.
3. Jafnréttisáætlun HH  
Afgreiðslu frestað þar sem einungis fjórir háskólaráðsfulltrúa voru mættir á fundinn, en fimm atkvæðabærir fulltrúar þurfa að vera viðstaddir til að afgreiða mál skv. lögum um opinbera háskóla.
4. Húsnæðismál Háskólans á Hólum  
Vilyrði fyrir lóð á Sauðárkróki framlengt til ágúst 2024. HVIN ráðuneyti hefur veitt 130 milljónir í fyrsta fasa byggingar HH þar. Mikil vonbrigði að ekki sé kveðið á um fjármögnun húsnæðis HH í fjármálaáætlun 2025-2029 líkt og segir í viljayfirlýsingu frá 16.11.23. Óskað hefur verið eftir skýringum frá ráðuneytinu sem er að vinna í málinu.
5. Bréf til háskólaráðs varðandi Hjaltadal ferðaþjónustu ehf  
HS leggur fram til upplýsinga bréf frá lögmanni Hjaltadals ferðaþjónustu ehf dagsett 12. apríl 2024.  
*Laufey Haraldsdóttir óskar eftir að leggja fram eftirfarandi bókun: Vegna bréfs dagsett 12. apríl 2024 frá Hjaltadal ferðaþjónustu ehf., þar sem skorað er á Háskólann á Hólum að efna verksamning frá 25. maí 2022 við fyrirtækið, vil ég taka fram að nefndur verksamningur er Háskólinn á Hólum annars vegar og Hjaltadalur ferðaþjónusta ehf. hins vegar, gerðu sín á milli, var gerður án minnar vitundar. Tengist ég þessum verksamningi því ekki á neinn hátt.*



Rektor var falið að svara bréfinu með viðeigandi hætti.

6. Samtal um aukið samstarf við Háskóla Íslands  
Háskólaráð beggja háskóla hafa samþykkt að fara í að mynda háskólasamstæðu HH og HÍ. HS kynnir stöðu mála í viðræðum milli háskólanna.
7. Framtíðarskipulag Hóla í Hjaltadal í tengslum við aðskilnað skólastarfsemi og staðarhalds  
Forsætisráðuneyti er að skipa starfshóp um framtíð Hólastaðar sem skila á tillögum haustið 2024. Eldra húsnaði á Hólum mun þá færast yfir til eignarhaldsfélagsins Storð sem er í eigu ríkisins og er ætlað að halda utan um menningarverðmæti þjóðarinnar.
8. Önnur mál
  - a. Háskólinn á Hólum hlaut Byggðagleraugin Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 2024 fyrir framsækið og metnaðarfullt starf. Byggðagleraugin eru viðurkenning til fyrirtækis eða stofnunar sem þykir á einhvern hátt hafa skarað fram úr við uppbyggingu landshlutans.

Fundið slitið kl. 16:30.